



LANDSSAMTÖK LÍFNEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2017


Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (upplýsingaskylda endurskoðenda), 64. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 22. febrúar s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 64. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (upplýsingaskylda endurskoðenda).

Í frumvarpinu er lagt til að kjörnum endurskoðanda félags sé gert skylt að svara fyrirspurn á hluthafafundi um allt það sem kann að varða reikningsskil og fjárhagsleg málefni þó með hliðsjón af ákvæði sem þegar er í 1. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna.

Lífeyrissjóðir eru stórir fjárfestar og skiptir þá miklu máli að starfsemi félaga sem þeir fjárfesta í sé í góðu horfi og því styðja LL ákvæði sem eru til þess fallin að gagnsæi ríki um reksturinn og að upplýsingum sé því ekki að óþörfu haldið frá hluthöfum.

Hjálagt fylgir umsögn LL um frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 63. mál en þar er lagt til að sambærilegt ákvæði nái til endurskoðenda lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2017

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (upplýsingaskylda endurskoðenda), 63. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 22. febrúar s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 63. mál, frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (upplýsingaskylda endurskoðenda).

Í frumvarpinu er lagt til að kjörnum endurskoðanda lífeyrissjóðs sé gert skylt að svara fyrirspurn sjóðfélaga á ársfundi um allt það sem kann að varða reikningsskil og fjárhag að því gefnu að það valdi ekki sjóðnum og þar með sjóðfélögum tjóni.

LL vilja taka fram að ofangreind regla ætti ekki að fela í sér breytingar á núverandi framkvæmd þar sem endurskoðendur lífeyrissjóða eru almennt viðstaddir ársfundi og svara þeim fyrirspurnum sem að þeim er beint varðandi málefni sjóðanna og störf þeirra þeim tengd.


Í þessu samandi er þó rétt að hafa í huga almenna þagnarskyldu sem tilgreind er í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 129/1997 (Isjl.). Ákvæðið nær m.a. til endurskoðenda en þar segir: „Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“

Sé það mat löggjafans að þörf sé fyrir lögfestingu á því ákvæði sem hér um ræðir skv. frumvarpinu væri eðlilegt að vísað yrði í fyrirvara skv. 32. gr. Isjl. varðandi þagnarskyldu endurskoðanda.

Í þessu sambandi er jafnframt rétt að vekja athygli á því að það kann að skapast ágreiningur um hvaða atriði séu háð trúnaði enda oft um matskennd atriði að ræða. Hér geta komið til viðskiptaleg atriði eins og til að mynda varúðarfærslur vegna krafna sem þriðji aðili kann að eiga á hendur lífeyrissjóði eða lífeyrissjóður á kröfu á hendur þriðja aðila og ágreiningsmál þar um hafa ekki verið leidd til lykta. Vera kann að í flestum tilvikum sé ljóst hvort atriði falli undir þagnarskyldu skv. 32. gr. eða það ákvæði sem lagt er til að verði lögfest í því frumvarpi sem hér er til skoðunar. Hins vegar geta komið upp vafatilvik. Því er spurning hvers sé að meta hvort slík atriði falli undir það að geta valdið sjóðnum og sjóðfélögum tjóni, sbr. orðalag

frumvarpstextans. Mögulega væri rétt að mæla fyrir um að slíkt mat sé á hendi endurskoðandans sjálfs. Ef hann sé í vafa geti hann óskað eftir afstöðu stjórnar sjóðsins þar um.

Með vísan í ofangreint telja LL ákvæðið þurfa frekari fyllingar við en almennt styðja LL að öll starfsemi lífeyrissjóða sé gagnsæ og að upplýsingum sé ekki haldið frá sjóðfélögum nema í þeim tilvikum að slík upplýsingagjöf kunni að vera til þess fallin að valda tjóni.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Pórðardóttir, framkvæmdastjóri